

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð.

#### 1. gr.

Langanesbyggð innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari.

Sveitarstjórn áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með þjónustu og innheimtu gjalda fyrir flutning og á söfnunarstöðvum, eigi það við.

#### 2. gr.

Sorphreinsunargjald heimila greiðist árlega. Gjaldið er tilgreint í 5. tölulið samþykktar Langanesbyggðar um álagningu fasteignagjalda hverju sinni. Þetta gjald innheimtist samhliða innheimtu fasteignagjalda.

Fyrir alla meðhöndlun úrgangs umfram þetta greiðist samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins á hverjum tíma.

#### 3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku úrgangs á safnstöðvum (gámavelli) Langanesbyggðar er með eftirfarandi hætti:

Flokkur	Lýsing	Verð í krónum á rúmmetra (m <sup>3</sup> )
101	Blandaður úrgangur til urðunar	2.800
203	Lífrænn heimilisúrgangur til jarðgerðar	0
301	Óflokkað og málað timbur	2.800
302	Flokkað timbur, hreint og ómálað	0
398	Bylgjupappi, dagblöð, pappír til endurvinnslu og hreinn pappír	0
405	Heyrúlluplast (hreint), stórsekkir	0
415	Hjólbarðar	0
420	Plastumbúðir (hreinar)	0
501	Óflokkaður úrgangur óendurvinnanlegur að hluta til a.m.k.	5.200
510	Raftæki	0
600	Málmar og brotamálmar	0
900	Spilliefni	(sjá texta)

Íbúar geta skilað allt að ½ rúmmetra af heimilissorpi til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst hverju sinni.

Gjaldskyldir farmar frá atvinnurekstri undir ¼ m<sup>3</sup> bera lágmarksgjald kr. 2.600.

#### 4. gr.

Gjald fyrir móttöku og urðun úrgangs frá fyrirtækjum á urðunarstað sveitarfélagsins skal vera með eftirfarandi hætti:

	Gjald fyrir móttöku óflokkaðs urðanlegs úrgangs	1.200 kr. pr. m <sup>3</sup>
204	Gjald fyrir móttöku lífræns rekstrarúrgangs (fiskslóg)	1.400 kr. pr. m <sup>3</sup>

Heimilt er að hafna móttöku á úrgangi til urðunar ef hann er ekki flokkaður með ásættanlegum hætti og inniheldur úrgang sem ekki er heimilt að urða.

Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun, svo sem vegna óásættanlegrar flokkunar, er sveitarfélaginu heimilt að innheimta fyrir það tímagjald samkvæmt gjaldskrá verktaka að viðbættum umsýslukostnaði.

Heimilt er að innheimta fyrir útlögðum kostnaði vegna förgunar spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald.

5. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs skal innheimta mánaðarlega nema á safnstöðum (gámavöllum), þar er heimilt að staðgreiða. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

6. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

Gjöld skv. 2. gr. eru og tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1199/2011.

*Samþykkt af sveitarstjórn Langanesbyggðar, 15. nóvember 2018.*

**Jónas Egilsson** staðgengill sveitarstjóri.